

Öryrkjabandalag Íslands

Sigtúni 42
105 REYKJAVÍK

Bílastæði hreyfihamlaðra og merkingar við göngugötur.

Vísað er til erindis Öryrkjabandalags Íslands, dags. 12. nóvember sl., þar sem þess er krafist að skilti verði sett upp undir öllum bannmerkjum B01.11 við göngugötur, sem tilgreini undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að aka um göngugötusvæði.

Núverandi fyrirkomulag merkinga á göngugötum í Reykjavík, er sú útfærsla sem þykir áréttá með sem skýrustum hætti að um sé að ræða göngugötur, þar til sérstakt umferðarmerki fyrir göngugötur verður tekið upp í reglugerð um umferðarmerki. Til viðbótar við bannmerkið og undirmerkið *Göngugata* er merki til að heimila sérstaklega aðgang að baklóðum og merki sem tilgreinir leyfilegan vöruafgreiðslutíma.

Tekið er undir það sjónarmið bandalagsins, að betur megi standa að fræðslu til vegfarenda um þær reglur sem gilda á göngugötum. Leitað verður leiða til að miðla þeim upplýsingum betur í gegnum heimasíðu Reykjavíkurborgar, samfélagsmiðla og í tengslum við uppsetningu nýrra umferðarmerkja fyrir göngugötur þegar þeim verður bætt í reglugerð.

Reykjavíkurborg vill gjarnan tryggja gott aðgengi að miðborginni og að allir vegfarendur séu meðvitaðir um hvaða reglur gilda um undanþágur til aksturs á göngugötum. Í nýju umferðarskipulagi fyrir Kvosina er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða á völdum göngugötum og var samtalið við ÖBÍ og fleiri aðila liður í þeirri útfærslu. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar mun boða til fundar með ÖBÍ á nýju ári til að ræða mögulegar útfærslur aðgengis- og merkingamála á göngugötusvæðum í Kvosinni og á Laugavegi.



Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri